

# Heiðarleiki, teymisvinna, góðvilji ... og húmor

Læknafélag Íslands bauð læknakandidötum frá læknadeild HÍ 2018 til hefðbundinnar móttöku í Hlíðasmára þann 13. júní.

Reynir Arngrímsson formaður LÍ bauð læknahópin velkominn í félagið og las upp Genfar-yfirlýsingu Alþjóðalæknafélagsins. Meðal þeirra sem ávörpuðu hina nýju lækna voru þau Alma Möller landlæknir, Páll Matthíasson forstjóri Landspítala, Jóhann Heiðar Jóhannsson fyrir hönd orðanefndar LÍ, Ólafur Ólafsson fyrrverandi landlæknir og Svanur Sigurbjörnsson formaður síðfræðiráðs LÍ.

Öll höfðu þau hollráð að veita læknunum og hvöttu þá til að varðveita eldmóðinn í hjörtum sínum, og deila tíma sínum á milli starfs, fjölskyldu og áhugamála. Páll Matthíasson líkti læknisstarfinu við langhlaup og mikilvægt væri að gæta að hraðanum í upphafi svo úthaldið brysti ekki.

Svanur Sigurbjörnsson vitnaði í tölu sinni í breska rannsókn þar sem læknanemar, kandidatar og reyndir læknar voru spurðir hvaða mannkosti þeir teldu mikilvægasta í fari læknisins:

„1. Heiðarleiki, 2. Teymisvinna, 3. Góðvilji, 4. Dómgreind, 5. Leiðtogahæfni og 6. Sanngirni – í þessari röð. Af þessum kostum töldu þau sig helst skorta upp á teymisvinnu, leiðtogahæfni og dómgreind. Það er jafnan auðvelt að ætla vel en erfiðara að útfæra það, sérstaklega í samstarfi við aðra og vinna þannig að góð málefni, verk og virðing skili sér. Fleiri mannkostir voru nefndir í rannsókninni. Það vakti athygli að reyndir læknar nefndu húmor oftar en hinir yngri sem mikilvæga dyggð læknis.“ Svanur hélt áfram: „Húmor skiptir máli því að gleði léttir lífið á erfiðum stundum. Það er einn af styrkleikum mannsins að geta brosað framan í heiminn – hvert sem svo happdrætti lífsins leiðir mann. Fallegustu tilfinningarnar spretta fram þegar góður vilji okkar sigrast á mótlætinu og við deilum saman sátt, seyr og sigrum. Brosu því á þessari stundu sigurs – þið hafið unnið fyrir því.“

Læknakandidatar voru 70 talsins í þetta sinn, þar af 45 konur. - Háskóli Íslands útskrifaði 47 læknakandidata, þrír útskrifuðust frá Slóveníu og aðrir þrír frá



Engilbert Sigurðsson forseti læknadeildar.



Alma Möller landlæknir.



Svanur Sigurbjörnsson formaður síðfræðiráðs.




17 íslenskir kandidatar voru brautskráðir frá háskólanum í Debrecen í Ungverjalandi 15. júní síðastliðinn. Hér er hluti þeirra ásamt alþjóðlegum hópi skólafélaga. Mynd: Sævar Guðbjörnsson.



Á myndinni eru 50 kandidatar tilbúnir í slaginn, - hér með taka þeir við hinu íslenska heilbrigðiskefli og koma því svo áfram til næstu kynslóðar.

Danmörku, - og frá háskólanum í Debr-ecen í Ungverjalandi voru brautskráðir 17 íslenskir kandidatar sem er stærsti hópurinn hingað til. Við skólann er fjöldi Íslendinga í læknámi og sá þráður ekki slitinn.

Venju samkvæmt undirrituðu kandidatar læknæiðinn hvert á eftir öðru í bókina þar sem allir íslenskir læknar hafa staðfest eiðinn.



## Læknablaðið óskar nýútskrifuðum kandidötum til hamingju með áfangann!

Alexander Gabríel Guðfinnsson  
Alexander Illarionov  
Alexander Þorvaldsson  
Alma Rut Óskarsdóttir  
Andrea Sól Kristjánsdóttir  
Aneta Zielinska  
Anna María Hákonardóttir  
Anný Rós Guðmundsdóttir  
Arna Björt Bragadóttir  
Ágústa Ebba Hjartardóttir  
Ása Unnur B. Þorvaldsdóttir  
Áslaug Katrín Hálfánardóttir  
Ásta Ísfold Jónasardóttir  
Berglind Árnadóttir  
Berglind Anna Magnúsdóttir  
Briet Einarisdóttir  
Daniel Alexandersson  
Davið Þór Jónsson

Egill Steinar Ágústsson  
Einar Axel Helgason  
Einar Logi Snorrason  
Elín Óla Klemenzdóttir  
Ellen Dagmar Björnsdóttir  
Erna Markúsdóttir  
Eva Fanney Ólafsdóttir  
Freyja Sif Þórsdóttir  
Guðrún Birna Jakobsdóttir  
Hallbera Guðmundsdóttir  
Hallfríður Kristinsdóttir  
Hannes Halldórsson  
Haraldur Sveinn Rafnar Karlsson  
Haukur Einarsson  
Helga María Alfreðsdóttir  
Helga Björk Brynjarsdóttir  
Helga Hansdóttir  
Herdís Steinunn Finnsdóttir

Hjalti Ásgeirsson  
Hjálmar Gunnlaugur Ingólfsson  
Hrafn Þórðarson  
Hulda María Jensdóttir  
Inga Stefanía Geirsdóttir  
Inga María Sigurðardóttir  
Ívar Sævarsson  
Jóhanna Andrésdóttir  
Jóhanna Vigdís Ríkhardsdóttir  
Karólína Anna Snarska  
Kristján Torfi Örnólfsson  
Leifur Þráinsson  
Margrét Helga Ívarsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
María Björk Baldursdóttir  
Marta Sigrún Jóhannsdóttir  
Marta Ólafsdóttir  
Olga Sigurðardóttir

Páll Helgason  
Ragnheiður Vernharðsdóttir  
Reynir Hans Reynisson  
Signý Lea Gunnlaugsdóttir  
Sindri Baldursson  
Sindri Ellertsson Csillag  
Sunna Borg Dalberg  
Sæmundur Rögnvaldsson  
Sæþór Pétur Kjartansson  
Tómas Magnason  
Valgerður Bjarnadóttir  
Viðar Róbertsson  
Vilhjálmur Pálmason  
Ylfa Rún Sigurðardóttir  
Þórdís Magnadóttir  
Þórður Páll Pálsson